

Símafundur í svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs – vestursvæði, haldinn 9. febrúar klukkan 17.00.

Mætt:

Elín Heiða Valsdóttir, Erla Ívarsdótti, Eydís Þ. Indriðadóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Leifur Þorsteinsson svæðisráði og Snorri Baldursson þjóðgarðsvörður.

Sigurður Skúlason boðaði forföll. Fundargerð ritaði Eydís Þ. Indriðadóttir.

Fundargerð síðasta fundar:

Gert er ráð fyrir 4 viðbótar landvarðamánuðum en ekki 2 eins og kom fram í 2 lið fundargerðarinnar.

Ábending kom einnig fram varðandi fundartíma 16. mars. Bent var á að betur hentaði að víxla fundartímanum, þannig að fyrri fundurinn væri á Klaustri en sá seinni á Laugalandi til þess að það rekist ekki á leiðsögunámskeið á vegum Katla Geopark.

Að öðru leyti er fundargerðin afgreidd án athugasemda.

Aðgerðaáætlun.

Athugasemdum komið á framfæri og Snorra falið að lagfæra áætlunina í samræmi við þær.

Ársfundur/Svæðisfundur

Drög að bæklingi vegna atvinnuuppbyggingar sem fjallað var um í 5. lið á síðasta fundi lögð fram. Ábending kom um að gott geti verið að benda á dæmi um það sem verið er að gera nú þegar. Einnig að benda mætti ferðapjónustuaðilum á að stofna klasa eða ferðaskrifstofu sem sérhæfði sig í þjónustu tengdri Vatnajökli. Um gæti verið að ræða fræðslu fyrir skólahópa og fleiri, ásamt fjölbreyttum afþreyingarmöguleikum sem koma fram í fyrirliggjandi drögum að bæklingi. Snorra falið að halda utanum bæklingagerðina áfram. Öllum ábendingum þarf að skila til hans fyrir 20. febrúar. Gert er ráð fyrir að bæklingurinn liggi frami á svæðisfundum 16. mars.

Önnur mál

Stjórnin hefur fundað með umhverfisráðherra þar sem rætt var um ramma fjárlaganna og mikilvægi þess að hægt verði að ganga útfrá nokkuð föstum framlögum. Einnig var farið fram á að lög um þjóðgarðinn verði endurskoðuð ekki seinna en 2013.

Rætt um að framkvæmdastjóra hafi verið falið að senda Skaftárhreppi minnisblað vegna stækkunar þjóðgarðsins. Gert er ráð fyrir að þetta minnisblað verði fylgigagn með aðalskipulagsgögnum sveitarfélagsins.

Næsti fundur svæðisráðs verður haldinn á Kirkjubæjarklaustri 23. mars.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18.00.